

Fullgild rafræn undirskrift

KRISTJÁN BJÖRGVINSSON

Kennitala: 090664-3019
2024-04-29 16:40:05 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

SYLVÍA KRISTÍN ÓLAFSDÓTTIR

Kennitala: 151280-4129
2024-04-29 16:40:28 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

JENSÍNA KRISTÍN BÖDVARSDÓTTIR

Kennitala: 190369-4049
2024-04-29 16:41:50 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

SIGURÐUR BIRGIR STEFÁNSSON

Kennitala: 250247-4949
2024-04-29 16:42:53 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

KJARTAN SMÁRI HÖSKULDSSON

Kennitala: 220380-4169
2024-04-29 16:43:56 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

GEIR STEINDÓRSSON

Kennitala: 110684-2909
2024-04-29 16:44:31 GMT
Ástæða: Undirskrift

Sérhæfðir sjóðir Íslandssjóða

Ársreikningur 2023

Íslandssjóðir hf.

Hagasmára 3

201 Kópavogur

kt. 690694-2719

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Íslandssjóðir hf. er sérhæft félag á sviði eignastýringar og annast rekstur og stýringu verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða. Íslandssjóðir starfa á grundvelli laga um hlutafélög nr. 2/1995, laga um verðbréfasjóði nr. 116/2021 og laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða nr. 45/2020. Íslandssjóðir hf. er elsta sjóðastýringarfyrirtæki landsins stofnað árið 1994. Félagið er dótturfélag og hluti af samstæðu Íslandsbanka hf. sem á 99,7% hlutfjár í félaginu en Miðengi ehf., félag í eigu Íslandsbanka, á 0,30% hlutfjár.

Félagið rekur sex sérhæfða hlutdeildarsjóði sem ársreikningur þessi nær yfir; Alpha hlutabréf hs., IS Fast-3, IS Þróunarsjóðinn Langbrók, Hrávörusjóðinn – Commodity strategy hs., IS Fyrirtækjalánasjóður hs. og LPE II.

IS Fast-3 var stofnaður í febrúar 2016. Sjóðurinn fjárfesti í fasteign í Hlíðasmára í Kópavogi sem breytt var í hótél sem nú er rekið undir nafninu 201 Hotel og er rekstrarfélag hótelsins í eigu sjóðsins. Fyrirhuguð sala á eignum sjóðsins hefur frestast sökum markaðsaðstæðna.

Alpha hlutabréf hs. var stofnaður árið 2014. Markmið sjóðsins er langtíma ávöxtun eigna með fjárfestingum í hlutabréfum skráðum hjá Nasdaq Iceland eða öðrum fjármálagerningum þeim tengdum. Sjóðurinn hefur auk þess heimildir til að fjárfesta í óskráðum hlutabréfum og nota afleiður til stöðutöku eða sem hluta af áhættustýringu.

IS Þróunarsjóðurinn Langbrók var stofnaður árið 2016 og hefur þann tilgang að þróa lóð á Kirkjusandi og undirbúa fyrir sölufarli.

Hrávörusjóðurinn – Commodity strategy var stofnaður í upphafi ársins 2019 en sjóðnum var slitið í árslok 2023. Markmið sjóðsins var langtíma ávöxtun eigna með fjárfestingum í fjármálagerningum með hrávöruáhættu, einkum afleiðum, hrávöruvísitölusjóðum sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulögðum markaði eða öðrum sjóðum sem sérhæfa sig í hrávöruáhættu.

Íslandssjóðir tóku við rekstri LPE II í nóvember 2012. Sjóðurinn er lokaður en hann er að mestu fjárfestur í evrópskum framtakssjóðum. Fjárfestingartíma sjóðsins er lokið og er því aðeins um útgreiðslur til eigenda, sem eru m.a. íslenskir lífeyrissjóðir, og verður sjóðnum slitið þegar útgreiðsluferli lýkur.

IS Fyrirtækjalánasjóður hóf starfsemi í mars 2022. Sjóðurinn fjárfestir í útlánnum til fyrirtækja og er samlánveitandi í slíkum lánnum samhliða Íslandsbanka.

Auk þess reka Íslandssjóðir IS Kredit SPV hs. ásamt sérhæfðu sjóðunum Akur fjárfestingar slhf., 105 Miðborg slhf. og IS Haf fjárfestingar slhf en reikningsskil þeirra eru ekki hluti af þessum ársreikningi.

Yfirlýsing

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er ársreikningur sérhæfðra sjóða saminn í samræmi við reglur um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta og ákvæði laga um ársreikninga nr. 3/2006 og gefur hann að mati stjórnar og framkvæmdastjóra glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu sjóðanna á árinu 2023.

Kópavogur, 29. apríl 2024

Í stjórn:

Sylvía Kristín Ólafsdóttir, formaður

Kristján Björgvinsson

Jensína Böðvarsdóttir

Sigurður B. Stefánsson

Framkvæmdastjóri:

Kjartan Smári Höskuldsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til eigenda hlutdeildarskírteina í sérhæfðum sjóðum Íslandssjóða hf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikninga sérhæfða fagfjárfestastjóði Íslandssjóða hf. fyrir árið 2023. Ársreikningurinn er í sex hlutum; Alpha hlutabréf, IS FAST-3, IS Þróunarsjóðurinn Langbrók, IS Hrávörusjóðurinn Commodity Strategy, LPE II og IS Fyrirtækjalánastjóður. Ársreikningarnir hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning þann 31. desember 2023, yfirlit um breytingu á hreinni eign og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningarnir gefi glögga mynd af afkomu sjóðanna á árinu 2023, efnahagi þeirra 31. desember 2023 og breytingu á hreinni eign á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki og reglur Fjármálaeftirlitsins um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og fjárfestingasjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi sérhæfðra sjóða Íslandssjóða hf. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg víska er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Skýrsla um innihald skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og ekki koma fram í skýringum.

Kópavogi, 29. apríl 2024

Deloitte ehf.

Geir Steindórsson

Endurskoðandi

Ársreikningur sérhæfðra sjóða Íslandssjóða hf. fyrir árið 2024 er rafrænt undirritaður af endurskoðanda.

IS Fyrirtækjalánasjóður hs.
Ársreikningur 2023

IS Fyrirtækjalánasjóður hs.

Hagasmára 3

201 Kópavogur

kt. 650821-9630

Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign 2023

Rekstrarreikningur

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	Skýr.	2023	2022
Vextir og verðbætur	2	646	80
Gengismunur		168	77
Aðrar tekjur		13	3
Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) samtals		827	160
Rekstrargjöld			
Umsýslupóknun	2	24	19
Þóknanir		0	2
Annar rekstrarkostnaður		4	0
Rekstrargjöld samtals		28	20
Hagnaður/(tap) ársins færður á hlutdeildarskírteini		799	139

Yfirlit um breytingu á hreinni eign sjóðsins

Hrein eign í byrjun árs	4.788	0
Hagnaður (tap) af rekstri sjóðsins	799	139
Seld hlutdeildarskírteini	5.055	4.649
Hrein eign í lok árs	10.642	4.788

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

Eignir	Skýr.	31.12.2023	31.12.2022
Fjárfestingar			
Lánasamningar	3	10.642	4.712
Verðbréf með breytilegum tekjum	3	76	144
Fjárfestingar samtals		10.718	4.856
Aðrar eignir			
Handbært fé		9	1
Aðrar eignir samtals		9	1
Eignir samtals		10.727	4.857
Skuldir			
Hlutdeildarskírteini	4	10.642	4.788
Aðrar skuldir			
Skuld við rekstarfélag		6	6
Aðrar skuldir		78	63
Aðrar skuldir samtals		84	69
Skuldir samtals		10.727	4.857
Fjöldi útgefinna hlutdeildarskírteina (í þús.)		9.704.000	4.649.000
Gengi hlutdeildarskírteina		1,097	1,030

1. Starfsemi

Íslandssjóðir hf. er rekstrarfélag verðbréfasjóða og rekstraraðili sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta og annarra sérhæfðra sjóða. Félagið starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög, laga um verðbréfasjóði nr. 116/2021 og laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur IS Fyrirtækjalánasjóður hs. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, reglur um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða fyrir almennra fjárfesta. Hann byggir á gangvirkisreikningsskilum að því undanskildu að skráð verðbréf eru metin á markaðsverði. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sjóðsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til.

Umsýslupóknun

Umsýslupóknunin er fyrir daglegan rekstur sjóðsins svo sem laun starfsmanna, reikningshald sjóða og umsýslu.

Fyrir rekstur sjóðsins greiðir sjóðurinn Íslandssjóðum fasta mánaðarlega þóknun að upphæð 2 milljónir króna. Á árinu 2023 greiddi sjóðurinn 24 milljónir í umsýslupóknun.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Fjárfestingar

Eignir sjóðsins skulu á hverjum tíma endurspegla raunverulegt virði þeirra að teknu tilliti til markaðsaðstæðna. Kröfur skulu uppreiknaðar og samanstanda af eftirstöðvum höfuðstóls, uppsöfnuðum vöxtum og verðbótum.

Skattamál

Sérhæfðir sjóðir greiða ekki tekjuskatt heldur er hagnaður af rekstri þeirra skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteinanna. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af bréfunum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinum telst til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.

Sérhæfði sjóðurinn IS Fyrirtækjalánasjóður hs. er undanþeginn fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skulu skattleggjast hér á landi.

3. Fjárfestingar

	Atvinnugrein	Vtr./Óvtr.	Teg. Vxt.	31.12.2023	31.12.2022
Félag 1	Fasteignafélög	Vtr.	Fastir	689	686
Félag 2	Upplýs. og fjarskipti	Óvtr.	Breytilegir	4.037	4.026
Félag 3	Fasteignafélög	Vtr.	Breytilegir	518	0
Félag 4	Verslun og þjónusta	Óvtr.	Breytilegir	475	0
Félag 5	Verslun og þjónusta	Vtr.	Breytilegir	531	0
Félag 6	Sjávarútvegur	Óvtr.	Breytilegir	2.288	0
Félag 7	Iðnaður og samgöngur	Óvtr.	Breytilegir	599	0
Félag 8	Ferðaþjónusta	Vtr.	Breytilegir	1.505	0
IS Lausafjarsafn				76	144
Bókfært verð fjárfestinga samtals				10.718	4.856

Sjóðurinn IS Fyrirtækjalánasjóður hs. hóf starfsemi í mars 2022. Markmið og fjárfestingarstefna sjóðsins er að ávaxta fjármuni sjóðsins með því að fjárfesta í lánsamningum við hlið Íslandsbanka. Sjóðurinn fjármagnar sig með útgáfu hlutdeildarskírteina á fjárfestingartímabili hans. Hlutdeildarskírteini eru seld í formi skuldbindandi áskriftarloforða sem dregið er á eftir þörfum vegna fjárfestinga sjóðsins. Áætlað er að sjóðurinn gefi út skuldabréf á skiplegum verðbréfamarkaði til að fjármagna fjárfestingar sjóðsins og innleysa að mestu leyti hlutdeildarskírteini fjárfesta.

4. Hlutdeildarskírteini

Bókfært verð og gengi hlutdeildarskírteina er sem hér segir:

Hrein eign og gengi:

	31.12.2023	31.12.2022
Bókfært verðmæti	10.642	4.788
Kaupgengi	1,097	1,030